

Fréttir af markaði

Alls námu heildarútlán Íbúðalánasjóðs rúmlega 2,8 milljörðum króna í apríl. Þar af voru rúmir 1,9 milljarðar vegna almennra lána og rúmar 900 milljónir vegna leiguíbúðalána. Heildarútlán sjóðsins jukust því um tæplega 14% frá fyrra mánuði. Heildarútlán sjóðsins á fyrstu fjórum mánuðum ársins voru rúmlega 12,2 milljarðar sem er um 19% minni útlán en á sama tíma ársins 2008. Meðalútlán almennra lána voru um 10,6 milljónir króna í apríl sem er sambærilegt við fyrri mánuði ársins.


Þann 3. apríl var gerður samningur um beitingu greiðsluferfiðleikurræða á milli félags- og tryggingamálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og Íbúðalánasjóðs annars vegar og Samtaka fjármálafyrirtækja, f.h. aðildarfélaga sinna, Landssamtaka lífeyrissjóða, f.h. aðildarsjóða sinna, og skilanevndar SPRON hins vegar. Samkomulagið felur í sér samræmda beitingu greiðsluferfiðleikurræða gagnvart einstaklingum og heimilum sem eru í greiðsluferfiðleikum vegna fasteignaveðlána.

Þann 20. apríl birti Íbúðalánasjóður endurskoðaða áætlun um útgáfu, útböð íbúðabréfa og greiðslur Íbúðalánasjóðs fyrir árið 2009. Sjóðurinn áætlar að gefa út íbúðabréf að nafnverði 33-38 milljarða króna, sem er lækkun um 3-6 milljarða frá fyrri tölum. Áætlað er að ný útlán sjóðsins verði 41-47 milljarðar króna á þessu ári sem er lækkun um 8-10 milljarða frá fyrri áætlun. Töluverð óvissa ríkir um almenn útlán og útgáfu íbúðabréfa í ljósi breyttra aðstæðna á fjármála- og fasteignamarkaði. Nákvæmar tölur um áætlud útlán og útgáfu íbúðabréfa er því ekki hægt að gefa upp. Íbúðalánasjóður áætlar að greiða lánardrottnum sínum 59-65 milljarða króna á árinu en það er lækkun um 2 milljarða frá fyrri áætlun.

Heildarvelta íbúðabréfa í apríl nam rúmlega 43,9 milljörðum sem er 43% minni velta en í fyrri mánuði. Heildarvelta bréfanna nemur 268,3 milljörðum það sem af er árinu 2009.




Umsóknnum vegna greiðsluferfiðleika hefur fjölgað hjá Íbúðalánasjóði. Á fyrsta ársfjórðungi 2009 bárust 942 umsóknir en heildarfjöldi allra umsókna vegna greiðsluvanda voru 1405 árið 2008 og 377 árið 2007. Úrræði vegna greiðsluvanda eru samningar, skuldbreyting vanskila, frestun á greiðslum, lenging lána og greiðsluöfnun. Frá því að sjóðurinn fór að bjóða upp á greiðsluöfnun fasteignaveðlána hafa verið afgreiddar 261 umsókn.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu um 6,4 milljörðum króna í apríl og voru afborganir vegna íbúðabréfa stærsti hluti þeirra.



Flokkur	Feb. 2009	Mars 2009	Apr. 2009	Meðal líftími	Nafn verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	6,25%	6,55%	6,01%	2,7	82,3	49,0
HFF24	5,88%	5,77%	5,30%	6,6	150,7	122,8
HFF34	5,18%	4,87%	4,54%	10,4	149,7	134,8
HFF44	4,77%	4,56%	4,33%	13,3	230,4	218,1

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.
Meðal líftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok apríl '09.
Af heildarútgáfu nafnverðs eru 7,2 ma. króna í HFF14, 7,2 ma. króna í HFF24, 7,2 ma. í flokki HFF34 og HFF44 sem tilheyrir lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.



Útböð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2009

Í milljörðum króna	Áætlun Q2	Raun Q2	Áætlun 2009	Raun jan-apríl 2009
Útgáfa íbúðabréfa	8-10	0,2	33-38	5,9
Samtals ný útlán ÍLS	10-12	2,8	41-47	12,2
Greiðslur ÍLS	14-16	6,4	59-65	24,5

Endurskoðuð áætlun 2009

Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2009
Útgáfa íbúðabréfa	6	8-10	10-12	9-10	33-38
Ný útlán ÍLS	9	10-12	12-14	10-12	41-47
Greiðslur ÍLS	18	14-16	13-15	14-16	59-65

